

## Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um búsetuúrræði  
umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Frá Ásmundi Friðrikssyni.

1. Hversu mörg hótél, fjölbýlishús, íbúðir og herbergi hafa verið leigð handa umsækjendum um alþjóðlega vernd á yfirstandandi ári? Svar óskast sundurliðað eftir mánuðum og sveitarfélögum.
2. Hver hefur verið kostnaður ríkisins mánuð hvern á yfirstandandi ári vegna leigu á búsetuúrræðum, öryggiseftirlits, umsjónar húsnæðis og kaupa og viðhalds á heimilistækjum og húsgögnum handa umsækjendum um alþjóðlega vernd?
3. Hver hefur verið meðalfjöldi fermetra á mann í þessum búsetuúrræðum mánuð hvern á yfirstandandi ári?

Skriflegt svar óskast.